

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2013

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 177. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (skilyrði til greiðslu örorkulífeyris og fjárfestingarheimildir).**


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 25. nóvember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

LL telja afar mikilvægt að 1. gr. frumvarpsins fái afgreiðslu og að tryggð sé skýr heimild fyrir lífeyrissjóði að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við það að sjóðfélagi stundi endurhæfingu meti trúnaðarlæknir sjóðsins slíkt geta bætt heilsufar viðkomandi. Slík ákvæði hafa svo árum skiptir verið í samþykktum flestra lífeyrissjóða en uppi hafa verið raddir um að þau ákvæði skorti fullnægjandi lagastoð. Með tilkomu starfsendurhæfingarsjóða sbr. lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 og lögbundið framlag lífeyrissjóða til þeirrar starfsemi er mikilvægt að löggjöf er gildir um lífeyrissjóði sé í takt við þá hugmyndafræði sem fyrrgreind lög byggja á.

Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði sem einkum er ætlað að liðka fyrir heimildum launagreiðanda til þess að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar. LL lýsa stuðningi við ákvæðið enda mikilvægt að launagreiðendur eigi þess kost að greiða skuld sína við lífeyrissjóði og að jafnræðis launagreiðanda sé gætt í þeim efnum.

Eins og rakið er í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins þá fól fjármála- og efnahagsráðherra nefnd að endurskoða ákvæði laga nr. 129/1997 um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Meðan sú vinna liggur ekki fyrir er mikilvægt að framlengja gildistöku bráðabirgðaákvæðis sem heimilar lífeyrissjóðum að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélagi.

Með vísan í framangreint lýsa LL yfir fullum stuðningi við frumvarpið og vonast til að það fái afgreiðslu á þessu þingi og verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri